

Bæjarstjórn - 1972

FUNDARBOÐ

**1972. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 11.
mars 2026 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2503590 - Ungmennaráð, tillögur 2026

1. Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að sett verði á fót markviss og samræmd fræðsla um svefn og næringu fyrir öll ungmenni í Hafnarfirði, með það að markmiði að bæta líðan og styðja við heilbrigðan lífsstíl.
2. Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að öllum nemendum í 9. og 10. bekk í grunnskólum bæjarins verði tryggður aðgangur að fartölvum til reglubundinnar notkunar í námi.
3. Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til tillögu um mótun gervigreindarstefnu fyrir skólastarf í Hafnarfirði.
4. Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að grunnskólar í bænum samræmi upphaf skóladags og færi hann til seinna á morgnanna, með það að markmiði að bæta líðan, heilsu og námsárangur nemenda.
5. Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að grunnskólar í bænum leggi aukna áherslu á verklegt nám í kennslu, með það að markmiði að efla fjölbreytileika náms.
6. Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að dregið verði úr skólasundi í grunnskólum og að sundkennsla verði kynjaskipt.
7. Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að sett verði á fót samræmd fræðsla um geðheilsu fyrir öll ungmenni í bænum með áherslu á forvarnir..
8. Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að viðbragðsáætlanir gegn einelti í grunnskólum bæjarins verði endurskoðaðar og samræmdar til að tryggja skýr og árangursrík úrræði fyrir börn og ungmenni í Hafnarfirði.
9. Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að nemendum verði tryggður formlegur atkvæðaréttur í ákvörðunum sem varða skólalíf, til að efla lýðræðislega þátttöku ungmenna.
10. Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að fjárveitingar til grunnskóla verði auknar til að bæta aðstöðu og búnað fyrir nemendur.

11. Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að námsefni og námskrárvinnu grunnskólanna verði samræmd í ríkari mæli til að tryggja jafnræði nemenda.

2. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar

Breyting í ráði og nefndum.

Forsetanefnd.

Valdimar Víðisson, Brekkuási 7, tekur sæti Framsóknar í forsetanefnd í stað Margrétar Völu Marteinsdóttur.

Skipulags- og byggingaráð:

Varamaður í stað Steinunnar Guðmundsdóttur verður Hrund Biering Valsdóttir, Staðarhvammi 19.

3. 2502769 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2026 og 2027-2029

1.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 5.mars sl.

Lagðir fram viðaukar 1 og 2. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi viðauka og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

4. 2502467 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar, breyting borhola Krýsuvík

3. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 5. mars sl.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 8. október 2025 var samþykkt samhljóða að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 og nýtt deiliskipulag vegna rannsóknarborunar í Krýsuvík. Tillögurnar voru í kynningu 9.1.-20.2.2026. Samantekt athugasemda og svör lögð fram. Skipulagsráðgjafi mætir til fundarins.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör skipulagsráðgjafa og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og tillögu um nýtt deiliskipulag vegna rannsóknarborunar í Krýsuvík.

Skipulags- og byggingarráð leggur auk þess til að hlutaðeigandi sveitarfélög taki upp viðræður og eyði óvissu sem ríkir um sveitarfélagamörkin í Krýsuvík.

5. 2602613 - Ásvallalaug breyting á deiliskipulagi

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 5.mars sl

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ásvallalaugar. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun á byggingarreit til suðvesturs. Skipulagshöfundar mæta til fundarins og kynna.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ásvallalaugar vegna stækkunar á byggingarreit og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

6. 2603105 - Verkalýðsfélagið Hlíf, persónuuppþætur tímavinnufólks, dómsmál

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Umræður

7. 2601425 - Frítt í strætó fyrir 12-17 ára ungmenni

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að frá 1.júní næstkomandi verði endurgjaldslaust í Strætó fyrir öll hafnfirsk ungmenni til 18 ára aldurs. Kostnaður er á yfirstandandi ári um 28 milljónir króna. Breytingar verði gerðar á gildandi fjárhagsáætlun til að fjármagna þessa réttarbót og það gert með aðhaldi og sparnaði; með sérstakri sjálfstæðri tillögu, þar sem samþykkt verður að lækka kostnað við aðkeypta þjónustu um 30 milljónir.

8. 2206161 - Íbúðir fyrir eldra fólk

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Bæjarstjórn samþykkir að hefja undirbúning vegna uppbyggingar á lífsgæðaíbúðum fyrir eldri borgara á Sólvangssvæðinu á grundvelli tillagna starfshóps um uppbyggingu á íbúðum fyrir eldri borgara í Hafnarfirði. Umhverfis- og skipulagssviði er falið að að undirbúa nauðsynlegar breytingar á skipulagi svæðisins og fjölskyldusviði samhliða gert að móta fyrirkomulag þjónustu og halda utan um verkefnið að öðru leyti, en hafa samráð við Öldungaráð og Félag eldri borgara í Hafnarfirði um málið. Undirbúningi verði lokið fyrir 1. maí næstkomandi og verði það síðan verkefni bæjarráðs að koma verkefninu af stað, þannig að úthlutun lóðar og síðan framkvæmdir megi hefjast síðar á yfirstandandi ári.

Greinargerð:

Á fundi bæjarstjórnar í desember 2023 lagði Samfylkingin til að settur yrði á fót starfshópur um uppbyggingu á íbúðum fyrir eldra fólk í Hafnarfirði. Tillögunni var vísað til bæjarráðs og eftir nokkra umræðu var tillagan loksins samþykkt í bæjarráði tæpu ári síðar, eða í október 2024 og bæjarráð skipaði starfshópinn í sama mánuði og setti honum erindisbréf. Það kvað á um að meginverkefni hópsins væri að móta tillögur varðandi uppbyggingu á íbúðum fyrir eldra fólk í Hafnarfirði, að leita leiða til að gera eldra fólki kleift að búa lengur í sjálfstæðri búsetu og skoða bestu leiðir við uppbyggingu húsnæði og þjónustu fyrir eldra fólk við skipulagningu nýrra byggingarsvæða. Hópurinn fjallaði talsvert um lífsgæðaíbúðir fyrir eldra fólk og í stuttu máli má segja að um sé að ræða íbúðir sem samþætta öryggi, aðgengi, félagslega þátttöku og sjálfstæði og er ætlað að stuðla að sem bestu lífsgæðum á efri árum fólks.

Hópurinn skoðaði þörfina fyrir uppbyggingu á lífsgæðaíbúðum fyrir eldra fólk í Hafnarfirði. Í þeirri greiningu var litið til þess hvaða uppbygging hefur átt sér stað í Hafnarfirði á íbúðum sem byggðar voru sérstaklega með þarfir eldra fólks í huga. Í skýrslu starfshópsins kemur fram að árið 1989 voru byggðar 59 íbúðir á Hjallabraut 33 en íbúar bæjarins voru þá rétt rúmlega 14.500 talsins og 67 íbúðir voru byggðar á Sólvangsvegi 1-3 árið 1992 en íbúar bæjarins þá voru rétt rúmlega 16.000. Í dag eru íbúar Hafnarfjarðar rúmlega 30 þúsund og jafnframt

liggur fyrir að á næstu árum muni eldri borgurum fjölga. Það er því mat starfshópsins að uppbygging lífsgæðaíbúða sé brýnt hagsmunamál fyrir eldri íbúa í Hafnarfirði og bæjarfélagið í heild til framtíðar.

Í skýrslu sinni leggur starfshópurinn til uppbygging lífsgæðaíbúða á þremur reitum verði sett í forgang til þess að framkvæmdir geti hafist sem fyrst. Sá reitur sem er kallaður byggingarreitur 1 í skýrslunni er Álfaskeið 62 á Sólvangsreitnum. Þar er gott aðgengi að þjónustu í næsta nágrenni og stutt er í miðbæinn, græn svæði og almenningssamgöngur. Að mati starfshópsins býður þessi reitur upp á góða möguleika fyrir að minnsta kosti 48 lífsgæðaíbúðir fyrir eldri borgara í Hafnarfirði.

Það er því orðið mjög brýnt mál að hefja uppbyggingu á íbúðum sem sérstaklega eru hannaðar með þarfir eldra fólks í huga. Það var síðast gert í Hafnarfirði fyrir rúmum þrjátíu árum þegar íbúar í Hafnarfirði voru rétt rúmlega 16 þúsund. Af þeim sökum leggur Samfylkingin það til að hafinn verði undirbúningur að uppbyggingu íbúða fyrir eldra fólk í samræmi við tillögur fyrrnefnds starfshóps með það að markmiði að framkvæmdir geti hafist á árinu.

9. 2603201 - Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staða bæjarfulltrúa

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Umræður.

Fundargerðir

10. 2601097 - Fundargerðir 2026, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð umhvefis- og framkvæmdaráðs frá 4.mars sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 4.mars sl.

a. Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 10.febrúar sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 3.mars sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 5.mars sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 18.febrúar sl.

b. Fundargerð innkauparáðs frá 17.febrúar sl.

c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 25.febrúar sl.

d. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18.febrúar sl.

e. Fundargerð stjórnar SSH frá 16.febrúar sl.

f. Fundargerð stefnuráðs byggðasamlaganna frá 27.febrúar sl.

g. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 13. febrúar sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 5.mars sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 9. mars sl.

09.03.2026

Valdimar Víðisson bæjarstjóri